



Ársskýrsla Fagdeildar öldrunarhjúkrunarfræðinga mars 2021

Starfsárið 2020 –2021

Félagafjöldi: 250 einstaklingar eru skráðir í fagdeild öldrunarhjúkrunarfræðinga í mars 2022, hefur fjölgað um 16 frá síðasta ári.

Stjórn fagdeildar 2021-2022:

Engar breytingar urðu á stjórn milli 2020 og 2021. Tímabilið 2020-2021 varð styttra vegna tafa á að halda aðalfund í Covid ástandinu 2021 og því ekki haldinn aðalfundur fyrr en í des 2020. Þá var ný stjórn kjörin og svo aftur haldinn aðalfundur í mars 2021 og gaf þá stjórnin áfram kost á sér og hlaut kjör.

Áframhaldandi stjórn fagdeildar 2021-2022 var kjörin:

Anna Guðbjörg Gunnarsdóttir formaður – seinna kjörár

Kristín María Þórðardóttir ritari – endurkjör til tveggja ára

Elínborg Jóna Ólafsdóttir gjaldkeri – endurkjör til tveggja ára

Kristín Þórarinsdóttir meðstjórnandi – endurkjör til tveggja ára

Íris Dögg Guðjónsdóttir meðstjórnandi – seinna kjörár

Hlíf Guðmundsdóttir varamaður – seinna kjörár

Eva Björg Guðmundsdóttir varamaður – seinna kjörár

Félagsgjald: Félagsgjald ákveðið óbreytt 2021-2022; 2000 kr.

Stjórnarfundir: Stjórnarfundir voru nokkuð reglulegir mánaðarlega að mestu, 10 talsins formlegir fundir frá síðasta aðalfundi. Langflestir á zoom. Þess utan hefur einnig þurft samtöl og umræður vegna undirbúnings málþinga og ráðstefnu. Ráðstefnustjórn hittist þessa utan á 7 formlegum undirbúningsfundum en 3 stjórnarmenn í FÖ sátu í ráðstefnustjórn sem var stýrt af u-r, núverandi formanni FÖ.

Erlent / innlent samstarf

- Starfsárið hófst með erlendu samstarfi að þessu sinni þegar Brendan McCormak var með með fyrirlestur á rafrænu málþingi fagdeildarinnar um persónumiðaða þjónustu. Ennfremur voru Margrét Guðnadóttir og Berglind Víðisdóttir með erindi á þinginu sem var sótt af 50 manns og haldið í boði fagdeildarinnar á Zoom. Málþingið tókst með ágætum og erindin frábær.
- Síðar á starfsárinu, í október 2021 var haldið annað málþing og nú lifandi í húsakynnum Fíh ásamt fagdeild geðhjúkrunarfræðinga um fjölskylduhjúkrun þar sem Lorraine Wright guðmóðir fjölskylduhjúkrunar var með fyrirlesturinn: *Useful Family Nursing Interventions*

with Older Persons and their Families: What's Love Got to do with it? Þingið var hið allra besta og nutu allir vel. Ekki var unnt að streyma erindinu að þessu sinni.

Innlend starfsemi:

- Stjórnin skrifaði í júní 2021 umsögn um þingsályktunartillögu um nýja velferðarstefnu fyrir aldraða og í ágúst 2021 umsögn um drög að nýrri stefnu í öldrunarmálum og sendi í samráðsgátt stjórnvalda og einnig til upplýsinga fyrir Fíh sem óskar gjarnan eftir samráði við fagdeildina í málefnum aldraðra. Umsagnirnar voru ítarlega unnar og með tillögum að áherslum í þjónustunni. Umsögnin um drög að nýrri stefnu í öldrunarmálum var birt á FB síðu fagdeildarinnar.

Einnig skilaði stjórn punktum inn til Fíh vegna stefnu Fíh í hjúkrunar- og heilbrigðismálum til 2030 og kom okkar stuðningur við 2.kafla í stefnunni um rétta þjónustu á réttum stað. Stjórnin lagði til 3 aðal atriði á næstunni; byggja upp öflugar hjúkrunarmóttökur í heilsugæslu fyrir 1. og 2.stigs þjónustu við aldraða með áherslu á að hrumir aldraðir fái skilgreindan umsjónarhjúkrunarfræðing á heilsugæslu; sérfræðingar í öldrunarhjúkrun vinni þvert á kerfið til stuðnings þjónustu víðs vegar innan kerfis; hjúkrunarstýrð, heildræn öldrunarþjónusta verði efld í þjónustukjörnum þar sem mismunandi þjónusta er til staðar innan kjarna og aldraðir geti farið á milli þjónustustiga skv. faglegu mati á hverjum tíma. Lögð er áhersla á mikilvægi hjúkrunarfræðinga sem leiðtoga í slíku starfi.

- Stjórn fagdeildar hefur að öllu jöfnu farið eina ferð á eins til tveggja ára fresti til að kynna sér öldrunarmál vítt og breytt um landið og kynnast kollegum betur. Nýttur hefur verið styrkur frá Fíh. Tveggja daga ferð var farin 30.sept-1.okt til Akureyrar þar sem Eva Björg og Kristín Þórarins, stjórnarkonur búsettar fyrir norðan, voru búnar að skipuleggja heilmikla dagskrá í samstarfi við hjúkrunarfræðinga og fleira fagfólk fyrir norðan. Úr varð hið allra besta upplýsingaþing með aðsetur í Háskólanum á Akureyri og fékk stjórn ítarlega kynningu á markmiðum hjúkrunar og starfsemi tengdri öldrunarmálum hjá HSN, SAK, Kristnesi og Hlíð hjúkrunarheimilunum Heilsuverndar sem og innsýn í rannsóknir í hjúkrunarfræðideild háskólans. Ennfremur náðist að klára skoðunarferð á Kristnes þ.f. covid varúð á þessu tímabili. Ferðin var sannarlega ánægjuleg og móttökurnar frábærar! Fréttapistill um ferðina var settur á FB síðu fagdeildarinnar
- Ráðstefnan Dagur öldrunar 2021 var haldin á Natura og Zoom 19.nóvember sl. Þema ráðstefnunnar var „Tímarnir breytast og mennirnir með“ og vísaði í að hafa fjölbreytta þjónustu á hreyfingu til að bregðast fljótt við breytingum á þjónustuþörf. Fagdeild öldrunarhjúkrunar hefur haft frumkvæði að ráðstefnuhaldinu sl. ár og fengið til liðs við sig mismunandi aðila úr öldrunarþjónustunni. Ráðstefnan var haldin í 4.sinn nú og tókst vel. Yfir 20 erindi, 1 veggspjald og 140 þátttakendur; 60 í sal og yfir 80 manns á zoom. Fagdeild heilsugæsluhjúkrunarfræðinga, RHLÖ og fagráð öldrunarhjúkrunar á Landspítala voru samstarfsaðilar að þessu sinni. RATA.is verkefnastjórnunarfyrirtæki sá um ut anumhald praktískra mála en ráðstefnunefnd skipuð af ráðstefnuhöldurum sá um fagleg mál og samskipti við þátttakendur. Mikil vinna en skemmtileg liggur að baki slíku verkefni og á nefndin

sannarlega hrós skilið! Ráðstefnusjóður hefur myndast vegna styrkja fyrirtækja við ráðstefnur sl. ára og því er hægt að halda ráðstefnugjaldi í lágmarki. Ari Eldjárn og Sigurður Steingrímsson, eldri borgari og dansari, slúttuðu ráðstefnunni af sinni einstöku snilld. Ráðtefnugestir stigu hressandi línudans með Sigga og hlógu sig út í covidíð með Ara.

- Jólahittingur var ekki haldinn þar sem stutt var frá ráðstefnu og planað að hittast í janúar í nýárshittingi sem var svo aflýst af stjórn vegna covid og ekki talinn grundvöllur fyrir zoom hittingi að svo komnu.
- Jólakveðja var send í bréfpósti á alla fagdeildarmeðlimi í desember með hlýjum og fallegum orðum til allra ásamt konfektmola. Stjórn sá um prentun, pökkun og sendingu á kveðjunni.

Styrkir til fagdeildarmeðlima

Fagdeildin auglýsir eftir styrkjum til fagdeildarmeðlima einu sinni á ári eða 15. janúar ár hvert. Ekki var auglýst eftir styrkjum fyrr en í maí 2021 vegna lítillar fræðslu- og ráðstefnustarfsemi fram að því. Fimm umsóknir um styrki bárust og voru þeir **allir greiddir út á sumarmánuðum??**, flestir vegna Geronord sem fór fram í Reykjavík í júní 2021. Í ár bárust 4 styrkumsóknir fyrir 15.janúar 2022.

Samskipti við félagsmenn í fagdeild

Reglulega hafa verið sendir tölvupóstar til fagdeildarmeðlima.

Fésbókarsíða fagdeildar var notuð til að deila áhugaverðum upplýsingum í öldrunarhjúkrun, <https://www.facebook.com/groups/464050863802084/>. Síðan er opin fyrir alla sem hafa áhuga á öldrunarhjúkrun en ekki eingöngu fagdeildarmeðlimi.

Reykjavík 4.mars 2022

Fyrir hönd stjórnar fagdeildar öldrunarhjúkrunarfræðinga

Anna Guðbjörg Gunnarsdóttir, formaður fagdeildar öldrunarhjúkrunarfræðinga hjá Fíh.